



# AÐALSKIPULAG ÍSAFJARÐARBÆJAR 2008-2020

## TILLAGA AÐ BREYTINGU – MJÓLKÁRLÍNA 2 Í ARNARFIRÐI

Greinargerð og umhverfismatsskýrsla

Dags. 8. desember 2022





# AÐALSKIPULAG ÍSAFJARÐARBÆJAR 2008-2020

## TILLAGA AÐ BREYTINGU – MJÓLKÁRLÍNA Í ARNARFIRÐI

Breyting á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010



## Samþykktir

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið  
skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í bæjarstjórn  
þann \_\_\_\_\_.

---

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun  
þann \_\_\_\_\_.

---

## Skipulagsgögn

Aðalskipulagsbreytingin samanstendur af eftirfarandi gögnum:

Uppdráttur. Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020.

Tillaga að breytingu – Mjólkárlína 2 í Arnarfirði.

Mkv. 1:50.000/A2. Dags. 8. desember 2022.

Greinargerð og umhverfismatsskýrsla.

Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020.

Tillaga að breytingu – Mjólkárlína 2 í Arnarfirði.

Dags. 8. desember 2022.



## Efnisyfirlit

<b>1</b>	<b>Inngangur .....</b>	<b>3</b>
1.1	Almennt .....	3
1.2	Ástæður breytingar og markmið .....	3
1.3	Matskylda .....	3
1.4	Málsmeðferð og kynning.....	4
<b>2</b>	<b>Forsendur og samhengi skipulagsgerðar .....</b>	<b>5</b>
2.1	Framkvæmd.....	5
2.2	Staðhættir og umhverfisaðstæður .....	5
2.3	Náttúruminjar.....	6
2.4	Menningarminjar.....	6
2.5	Staða skipulags .....	7
2.6	Samræmi við skipulag.....	8
<b>3</b>	<b>Aðalskipulagsbreyting .....</b>	<b>9</b>
3.1	Almennt .....	9
3.2	Breyting á aðalskipulagsuppdrætti.....	9
3.3	Breyting í greinargerð aðalskipulagsins.....	9
<b>4</b>	<b>Umhverfismatsskýrsla.....</b>	<b>10</b>
4.1	Viðfangsefni, nálgun og áherslur.....	10
4.2	Viðmið og vísar til grundvallar umhverfismati .....	11
4.3	Aðferðir við umhverfismat og framsetning niðurstaðna.....	13
4.4	Valkostir.....	14
4.5	Umhverfismat valkosta.....	15
4.6	Niðurstaða umhverfismats, samlegðaráhrif og eftirfylgni .....	23

---



# 1 INNGANGUR

## 1.1 ALMENNT

Aðalskipulagsbreyting þessi tekur til Mjólklínú 2 milli Mjólkárirkjunar og Bíldudals og helgunarsvæðis hennar, þ.e. þess hluta hennar sem liggur innan marka Ísafjarðarbæjar.

Tillagan felur í sér breytingu á greinargerð og uppdrætti. Aðalskipulagsbreytingin er í samræmi við 1. mgr. 36. greinar skipulagslaga nr. 123/2010. Gildandi aðalskipulag, þ.e. *Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2008-2020*, var samþykkt í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar þann 4. janúar 2010 og staðfest af umhverfisráðherra þann 31. mars 2010.

Um er að ræða lagningu nýs 16 km langs 66 kV jarðstreng frá Mjólká að Hrafnseyri og þaðan með sæstreng yfir Arnarfjörð í átt að Bíldudal. Jarðstrengurinn liggur að mestu leyti samhliða þjóðvegum, þ.e. nr. 60, Vestfjarðavegi frá Mjólká og þaðan meðfram vegi nr. 626 að Hrafnseyri.

Breytingin er í samræmi við meginstefnu aðalskipulagsins en þar er m.a. lögð áhersla á að bæta afhendingaröryggi raforku í sveitarfélaginu sem og í nágrennasveitarfélögum sem tengjast inn á tengivirki í Mjólká. Einnig að draga verulega úr straumleysi og að hægt verði að mæta aukinni orkuþörf. Í aðalskipulaginu er gert ráð fyrir að línur verði lagðar í jörðu þar sem kostur er og að leitast skuli við að lágmarka neikvæð áhrif á umhverfið.

## 1.2 ÁSTÆÐUR BREYTINGAR OG MARKMIÐ

Markmið aðalskipulagsbreytingarinnar er að skapa svigrúm til að auka afhendingaröryggi á sunnanverðum Vestfjörðum með því að styrkja flutningskerfið á svæðinu, í samræmi við markmið gildandi aðalskipulags. Styrkingin felst í því að auka möskvun með innbyrðis tengingum á milli

Breiðadals í Önundarfirði, Mjólkár í Borgarfirði innan Arnarfjarðar og Keldeyrar í Tálknafirði.

Meginmarkmið framkvæmdarinnar er að tryggja áreiðanleika raforkuafhendingar á sunnanverðum Vestfjörðum. Núverandi afhending Landsnets á orku til Orkubús Vestfjarða á svæðinu er annars vegar við Mjólká og hins vegar við Keldeyri við Tálknafjörð en þangað er orka leidd um Tálknafjarðarlínu frá Mjólká. Orka er svo flutt frá Tálknafirði um Bíldudalslínu að Bíldudal en sú lína hefur verið spennuhækkuð í 66 kV. Með lagningu jarð- og sæstrengs frá Mjólkárirkjun að Bíldudal kemst á hringtenging á milli Mjólkár, Bíldudals og Tálknafjarðar

Í *Kerfisáætlun Landsnets 2021-2030*, þ.e. *Áætlun um framkvæmdaverk 2022-2024*, er gert ráð fyrir að styrkja afhendingaröryggi á sunnanverðum Vestfjörðum með innbyrðis tengingum á milli Breiðadals, Mjólkár og Keldeyrar við Tálknafjörð.

## 1.3 MATSKYLDA

Breyting á aðalskipulagi vegna jarð- og sæstrengsins fellur undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, sbr. 2. gr. laganna. Breytingin er unnin samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 og er tekin fyrir í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar.

Landsnet hf. sendi þann 20. apríl 2021 tilkynningu um fyrirhugaðan jarðstreng milli Mjólkár og Bíldudals og sæstrengs yfir Arnarfjörð í Ísafjarðarbæ og Vesturbyggð, þar sem framkvæmdin var tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu til Skipulagsstofnunar skv. flokki B, sbr. tl. 10.21 í 1. viðauka þágildandi laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Skipulagsstofnun ákvarðaði með bréfi dags. 26. júlí 2021 að framkvæmdin skyldi ekki háð mati á umhverfisáhrifum.



## 1.4 MÁLSMEÐFERÐ OG KYNNING

Fyrirhuguð strengleið liggur innan tveggja sveitarfélaga, þ.e. Ísafjarðarbæjar, og Vesturbyggðar. Lagning strengsins kallar á breytingu í aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar en í aðalskipulagi Vesturbyggðar er gert ráð fyrir fyrirhuguðum streng að Bíldudal.

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar samþykkti óverulega aðalskipulagsbreytingu vegna jarðstrengsins á 495. fundi sínum þann 2. júní 2022. Ísafjarðarbær sendi breytinguna til Skipulagsstofnunar til staðfestingar þann 13. júní 2022. Í bréfi Skipulagsstofnunar, dags. 21. júlí 2022, kom fram að stofnunin féllist ekki á að breytingin teldist óveruleg og því bæri að fara með hana sem verulega breytingu samkvæmt 30. - 32. gr. skipulagslaga.

Í bréfi Skipulagsstofnunar kom einnig fram að Ísafjarðarbær gæti fallið frá gerð og kynningar skipulagslýsingar þar sem fyrirliggjandi gögn komi í stað þeirra. Stofnunin minnti einnig á að kynna þyrfti vinnslutillögu breytingarinnar, sbr. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga, áður en tillagan er samþykkt til auglýsingar í bæjarstjórn og send Skipulagsstofnun til athugunar fyrir auglýsingu, sbr. 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga. Bæjarstjórn fellur því frá gerð og kynningu skipulagslýsingar.

Á 592. fundi skipulags- og mannvirkjanefndar Ísafjarðarbæjar þann 12. september 2022 var vinnslutillaga aðalskipulagsbreytingar vegna Mjólklárlnu 2 lögð fyrir. Á fundinum lagði nefndin það til við bæjarstjórn að hefja málsmeðferð í samræmi við 30. grein skipulagslaga nr. 123/2010.

Vinnslutillaga að breytingu á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 vegna Mjólklárlnu 2 var kynnt 12. okt. 2022 á heimasíðu Ísafjarðarbæjar. Frestur til að skila athugasemdum var til 3. nóv. 2022.

Alls bárust ellefu umsagnir og ábendingar á kynningartímanum og eftir hann, sjá töflu hér til hliðar. Tekið hefur verið mið af ábendingum við útfærslu tillögunnar.

Tafla 1.1 Yfirlit yfir umsagnir og ábendingar við kynningu vinnslutillögu.

Nafn	Aðili	Dags.	Athugasemdir
Bragi Már Bragason	Míla	12. okt. 2022	Ábendingar varðandi ljósleiðara. Ósk um frekara samráð.
Elfar Steinn Karlsson	Vesturbyggð	20. okt. 2022	Ábending um sæstreng Orkubús Vestfjarða.
Björn Stefánsson og Sverrir Aðalsteinn Jónsson	Umhverfisstofnun	25. okt. 2022	Ábending um strenglöggn í vegstæði.
Sigurður Hreinsson	Íbúi	31. okt. 2022	Ýmsar athugasemdir um samráð, umhverfismat, val á valkostum, skerðingu vegna helgunarsvæða og samræmi við stefnu stjórnvalda.
Halldór Ó. Zoëga	Samgöngu- stofa	2. nóv. 2022	Ábendingar um leyfisveitingar.
Guðríður Margrét Kristjánsdóttir	Landhelgis- gæslan	2. nóv. 2022	Ábendingar varðandi ljósleiðara og nálægð við eldissvæði. Ósk um frekara samráð.
Björn Magnús Magnússon	Rækjuleyfis- hafar í Arnarfirði	3. nóv. 2022	Athugasemdir varðandi samráð og skerðingu vegna helgunarsvæða.
Snorri Sigurðsson	Náttúrufræði- stofnun Íslands	3. nóv. 2022	Engar athugasemdir.
Sigurður Friðgeir Friðriksson	Vegagerðin	8. nóv. 2022	Ábending um leyfisveitingar.
Finnbogi Bjarnason	Bolungarvíkur- kaupstaður	9. nóv. 2022	Engar athugasemdir.
Árni Snorrason	Veðurstofa Íslands	30. nóv. 2022	Engar athugasemdir.





## 2 FORSENDUR OG SAMHENGI SKIPULAGSGERÐAR

### 2.1 FRAMKVÆMD

Gert er ráð fyrir um 30 km löngum 66 kV jarð- og sæstreng frá tengivirki við Mjólkárirkjun í Ísafjarðarbæ að Bíldudal í Vesturbyggð. Innan Ísafjarðarbæjar er lengd strengsins um 16 km og liggur frá Mjólká að tengibrunni á austurenda aflagðrar flugbrautar á Hrafnseyri og þaðan með sæstreng yfir Arnarfjörð í átt að Bíldudal. Jarðstrengurinn liggur að mestu leyti samhliða þjóðvegum, þ.e. Vestfjarðavegi nr. 60 frá Mjólká í botni Borgarfjarðar og þaðan meðfram vegi nr. 626 að Hrafnseyri. Á Hrafnseyri er tengist jarðstrengurinn tengibrunni á austurenda aflagðrar flugbrautar neðan vegar, um 800 m austan landamerkjia Auðkúlu. Frá tengibrunninum liggur sæstrengur yfir Arnarfjörð að Bíldudal. Brunnur verður staðsettur ofan við hæsta stórstraumsflóð.

Áætluð efnisþörf er um 9.500 m<sup>3</sup> af strengjasandi og allt að 2.000 m<sup>3</sup> af efni til slóðagerðar. Gert ráð fyrir að efnið fái úr opnum námum á svæðinu, þ.e. beggja vegna Dýrafjarðarganga. Slóðagerð verður haldið í algjöru lágmarki sem og öllu yfirborðsraski. Breidd slóða verður í lágmarki og hvatt verður til minni efnisnotkunar. Þegar verki við lagningu strengs er lokið verður gengið frá yfirborði lands, umframefni jafnað út og tól og tæki flutt á brott.

Vísað er til nánari framkvæmdalýsingar í kafla 3 í tilkynningarskýrslu framkvæmdarinnar í viðauka I, þ.e. *Tilkynning til ákvörðunar um matsskyldu. Lagning 66 kv jarðstrengs milli Mjólkár og Bíldudals og sæstrengs yfir Arnarfjörð*. Lega strengsins hefur þó breyst frá tilkynningunni, þ.e. landtaka verður staðsett á Hrafnseyri en ekki í Auðkúlubót.



Mynd 2.1 Gildandi aðalskipulag, hluti sveitarfélagsuppdráttar – sunnan Djúps.

### 2.2 STAÐHÆTTIR OG UMHVERFISAÐSTÆÐUR

Arnarfjörður er stærstur syðri fjarða Vestfjarða. Fjörðurinn er umkringdur háum fjöllum og undirlendi er takmarkað. Arnarfjörður er rúmlega 40 km langur og innan við miðjan fjörðinn, við Langanes, greinist hann í tvennt. Mörk Ísafjarðarbæjar og Vesturbyggðar liggja um Langanes. Innan Ísafjarðarbæjar skiptist innsti hluti fjarðarinnar í Borgarfjörð og Dynjandisvog.

Öll strengleiðin liggur innan jarða í opinberri eigu þ.e. Orkubús Vestfjarða og Ríkisjóðs, nema á um 2 km kafla um Karlsstaði sem eru í einkaeigu. Jarðstrengurinn mun að mestu leyti liggja í og við vegstæði vegar nr. 626 við norðanverðan Borgarfjörð/Arnarfjörð og Vestfjarðaveg nr. 60.

Skv. kortasjá Náttúrufræðistofnunar Íslands er *gras- og mólendi og moslendi* er algengasta vistlendið á svæðinu auk *skriðu og kletta og mela og sandlendi*. Einnig er víða að finna *votlendi* á öllu svæðinu er engin slík svæði ná



viðmiðum 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Innst í Borgarfirði er að finna tún og í hlíðum er nokkuð skóglendi. Fjörur við Hrafnseyri eru þangfjörur og grýttur sandleir. Engin mikilvæg fuglasvæði eru skráð á svæðinu.<sup>1</sup>

Friðlýst æðarvarp er vestan Hrafnseyrar og utan skipulagssvæðisins. Leið jarðstrengsins þverar nokkrar ár og læki, s.s. Geldingadalsá, Gljúfurá og Hófsá.

## 2.3 NÁTTÚRUMINJAR

Samkvæmt upplýsingum á vef Náttúrufræðistofnunar Íslands liggur fyrirhuguð strengleið innan Ísafjarðarbæjar ekki um friðlýst svæði eða svæði sem Náttúrufræðistofnun hefur lagt til á B-hluta náttúruminjaskrár. Við Gljúfurá er að finna 0,18 ha sjávarfitjar neðan vegar en slík náttúruyfyrirbæri njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Ofan vegar við Gljúfurá er foss sem nýtur sömu verndar en hann er ekki í hættu vegna strenglagnar.

Skaginn á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar er á lista yfir aðrar náttúruminjar á núverandi náttúruminjaskrá. Svæðið sem fyrirhugaður jarðstrengur liggur um er hluti af því svæði. Á vef Umhverfisstofnunar kemur fram eftirfarandi lýsing úr náttúruminjaskrá:

*“311. Skaginn milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar, Þingeyrarhreppi, V-Ísafjarðarsýslu. (1) Allur skaginn utan ræktaðs lands og þéttbýlis ásamt löndum Hrafnseyrar og Gljúfurár í Arnarfirði. Til austurs ráða mörk svæðis nr. 313 í fjallið Sjónfríð, þaðan lína í upptök Hofsár í Borgarfirði og með henni til sjávar. (2) Fjölbreytt landslag, gróðursælar hlíðar og dalir, umgirt stórskornu fjallendi. Framhlaup*

<sup>1</sup> <https://vistgerdakort.ni.is>, sótt 28. ágúst 2022.

<sup>2</sup> <https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/natturuminjaskra/vefirdir/>, sótt 28. ágúst 2022.

og jökulminjar. Hrafnseyri er fjölsóttur ferðamanna staður með söguminjum.”<sup>2</sup>



Mynd 2.2 Friðlýstar fornminjar á Hrafnseyri, merkt R. Svæði þar sem fornleifaskráning hefur verið unnið er skyggt. Skjáskot af vefsíðu Minjastofnunar Íslands.<sup>3</sup>

## 2.4 MENNINGARMINJAR

Samkvæmt Minjavefsíðu eru engar skráðar fornleifar á fyrirhugaðri strengleið innan Ísafjarðarbæjar. Á Hrafnseyri eru nokkrar friðlýstar fornminjar en engar þeirra eru nærri fyrirhugaðri strengleið, sjá mynd 2.2. Fyrir liggja þrjár fornleifaskráningar fyrir innanverðan fjörðinn og að Gljúfurá en þær voru unnar í tengslum við Mjólkárveikjun og Dýrafjarðargöng og ein á Hrafnseyri

<sup>3</sup> <https://minjastofnun.gis.is/mapview/?application=minjastofnun>, sótt 28. ágúst 2022.





vegna framkvæmda þar.<sup>4</sup> Strengleiðin liggur nærri einum skráðum minjastað í botni Borgarfjarðar. Um er að ræða sjóarveg í sjávarbakkanum.<sup>5</sup>

Fornleifaskráning á strandminjum á strandlengjunni frá Hrafseyri að Þingeyri var unnin af Ragnari Edvardssyni árið 2017. Skv. skráningunni er að finna þónokkuð af minjum meðfram ströndinni.<sup>6</sup> Svæðið milli Gljúfurár og Hrafseyrar svipar til þess svæðis sem fornleifaskráningin tekur til og má því leiða líkur að því að fornminjar sé að finna á þessu svæði.

## 2.5 STAÐA SKIPULAGS

Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2008-2020 var staðfest þann 31. mars 2010. Í aðalskipulaginu er lögð áhersla á að bæta afhendingaröryggi raforku í sveitarfélaginu sem og í nágrennasveitarfélögum sem tengjast inn á tengivirki í Mjólka. Einnig að draga verulega úr straumleysi og að hægt verði að mæta aukinni orkuþörf. Í aðalskipulagi er gert ráð fyrir að línur verði lagðar í jörðu þar sem kostur er og leitast skal við að lágmarka neikvæð áhrif á umhverfið.

Gert er ráð fyrir jarðstreng frá Mjólka að Hrafseyri. Fyrirhuguð strengleið liggur um iðnaðarsvæði H1, íbúðarsvæði Í30, landbúnaðarsvæði og óbyggð svæði innan hverfisverndarsvæðis H1. Eftirfarandi er yfirlit yfir stefnu gildandi aðalskipulagsins sem varða breytingu þessa:

Gildandi aðalskipulag: *Iðnaðar- og athafnasvæði*

Á iðnaðarsvæðum í dreifbýli er einkum gert ráð fyrir raforkuframleiðslu og flutningi á raforku á iðnaðar- og athafnasvæðum.

Lögð er áhersla á að bætt afhendingaröryggi raforku sé eitt af lykilatriðum fyrir framtíðarþróun svæðisins og Vestfjarða í heild. Jafnframt er lögð áhersla á það að auka framboð raforku á svæðinu.

<sup>4</sup> <https://minjastofnun.gis.is/mapview/?application=minjastofnun>, sótt 28. ágúst 2022.

<sup>5</sup> Margrét Hallmundsdóttir, Bóðvar Þórisson og Þorleifur Eiríksson. 2009. Greinargerð um fornleifar nærri veglínu vegna Dýrafjarðarganga.

Gildandi aðalskipulag: *Íbúðarsvæði*

Á íbúðarsvæði Í30 eru íbúðir vegna starfsemi Mjólkárveirunnar. Svæðið tilheyrir hverfisvernduðu svæði H1 og skulu allar framkvæmdir vera í samræmi við ákvæði hverfisverndar.

Gildandi aðalskipulag: *Landbúnaður og óbyggð svæði innan hverfisverndarsvæðis H1*

Allar framkvæmdir og öll nýting landeigenda verði í samræmi við verndarmarkmið aðalskipulagsins. Einungis er gert ráð fyrir gróðursetningu plantna sem teljast til náttúrulegrar flóru svæðisins. Áhrif framkvæmda skulu metin í sérstakri greiningu á áhrifum, sem gera skal samfara deiliskipulagi.

Hverfisverndinni er ætlað að varðveita sérkenni svæðanna, þ.e. menningar- og náttúruminjar á afskekktum svæðum og hálendi.

### *Deiliskipulag*

Tvö deiliskipulög eru í gildi í innan verðum Borgarfirði, þ.e. fyrir *Mjólkárveirun* og *Dýrafjarðargöng*, og liggur fyrirhuguð strengleið innan þeirra beggja.

Tengivirkið Mjólka er innan deiliskipulagsins fyrir Mjólkárveirun. Unnið er að breytingu á deiliskipulaginu þar sem gert er ráð fyrir fyrirhugaðri strengleið og endurbótum á tengivirkinu.

Í deiliskipulaginu fyrir Dýrafjarðargöng er gert ráð fyrir jarðstrengjum meðfram Vestfjarðarvegi nr. 60 og vegi nr. 626.

<sup>6</sup> Ragnar Edvardsson. 2017. Fornleifaskráning strandminja í Dýrafirði og Arnarfirði.



## 2.6 SAMRÆMI VIÐ SKIPULAG

Fyrir liggur tillaga að Strandsvæðisskipulagi Vestfjarða 2022 sem kynnt hefur verið samkvæmt 12. gr. laga um skipulag haf- og strandsvæða nr. 88/2018. Skipulagssvæði nær yfir firði og flóa frá Bjargtöngum í suðri að Straumnesi í norðri, þar með talinn Arnarfjörð. Mörk skipulagssvæðisins til lands eru við netlög, þ.e. 115 m út frá stórstraumsfjöruborði, en mörk sveitarfélaga miðast við þau.

Í Arnarfirði er skilgreint svæði LV6 fyrir raforku- og fjarskiptastreng og þar er gert ráð fyrir nýjum raforkustreng Landsnets. Innan reitsins er gert ráð fyrir að fiskeldi og efnistaka sé víkjandi. Almenn ákvæði fyrir reitinn eru:

*„Á reitunum skal stuðla að öruggum raforkuflutningi, fjarskiptum sem og öðrum flutningi eftir lögnum ásamt öryggi og viðhaldi vega sem þvera firði þar sem þeirra nýtur við. Innan reitanna eru siglingar heimilar, sem og ferðaþjónusta og útivist og önnur starfsemi sem hefur ekki áhrif á öryggi veitulagna. Á reitunum er ekki gert ráð fyrir starfsemi sem hefur áhrif á öryggi veitulagna, svo sem fiskeldi, skeldýrarækt, efnistöku, ræktun eða slætti sjávargróðurs, orkuframleiðslu, veiðum með veiðarfærum sem fest eru í botn eða dregin eftir honum, haugsetningu eða akkerislægjum.“*

Í kynntri tillögu að strandsvæðisskipulaginu er tilgreint að landtaka rafstrengs verði við Auðkúlu. Landsnet hefur í umsögn sinni um strandsvæðisskipulagið bent á að landtakan er á Hrafnsseyri en ekki Auðkúlu.

Í Borgarfirði, frá botni og út að Hjallkárseyri, er skilgreint svæði UN7 og er það friðlýst með tillögunni. Svæðið er einnig hluti af tillögu að þjóðgarði á Vestfjörðum. Strengleið Mjólkárhlínu liggur utan þessa svæðis. Að öðru leyti er Arnarfjörður skilgreindur sem svæði A6 – almenn nýting. Almenn ákvæði fyrir reitinn eru:

*„Á svæðinu er gert ráð fyrir almennri nýtingu strandsvæða, svo sem til atvinnuveiða, ferðaþjónustu og útivistar ásamt hefðbundnum nýtum til einkanota, og skal aðstæðum til almennrar nýtingar*

*viðhaldið. Ekki er gert ráð fyrir orkuframleiðslu sem hefur áhrif á aðstæður til veiða, ferðaþjónustu eða útivistar. Það sama á við um lagningu vega yfir firði.“*

Breytingin er einnig í samræmi við *Landsskipulagsstefnu 2015-2026* þar sem áhersla er m.a. á örugga afhendingu raforku sem nauðsynlegan þátt í að undirbyggja samkeppnishæfni einstakra byggðarlaga og landsins alls. Einnig að skipulag í dreifbýli gefi kost á uppbyggingu flutningsmannvirkja sem tryggi örugga afhendingu raforku, en slík mannvirki falli sem best að landslagi og annarri landnotkun. Breytingin samræmast einnig fyrirliggjandi byggðááætlun og aðgerðaáætlun Íslands í loftslagsmálum.



## 3 AÐALSKIPULAGSBREYTING

### 3.1 ALMENNT

Aðalskipulagsbreyting þessi tekur til Mjólkárliðu 2 í Arnarfirði, þ.e. þess hluta línunnar sem liggur innan marka Ísafjarðarbæjar. Um er að ræða nýjan jarðstreng frá Mjólká að Hrafnseyri og þaðan sæstrengs í átt að Bíldudal og helgunarsvæða þeirra. Núverandi rafstrengur Orkubús Vestfjarða frá Tjaldanesi yfir Arnarfjörð verður víkjandi. Tillagan felur í sér breytingu á greinargerð og uppdrætti. Aðalskipulagsbreytingin er í samræmi við 1. mgr. 36. greinar skipulagslaga nr. 123/2010. Gildandi aðalskipulag, þ.e. *Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2008-2020*, var samþykkt í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar þann 4. janúar 2010 og staðfest af umhverfisráðherra þann 31. mars 2010.

### 3.2 BREYTING Á AÐALSKIPULAGSUPPDRÆTTI

Breyting er gerð á uppdrætti í samræmi við stefnu gildandi aðalskipulags um bætt afhendingaröryggi raforku í nágrennasveitarfélögum. Tákni fyrir rafveitu í jörðu er bætt inn uppdráttinn *Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2008-2020, sveitarfélagsuppdráttur – sunnan Djúps*. Strengleiðin liggur meðfram þjóðvegum og liggur frá tengivirki við Mjólkárvirkiun að Hrafnseyri. Þaðan fer strengurinn í sæstreng yfir Arnarfjörð í átt að Bíldudal/Vesturbyggð. Einnig er tákni fyrir rafstreng Orkubús Vestfjarða frá Tjaldanesi yfir Arnarfjörð breytt þannig að hann sé víkjandi.

### 3.3 BREYTING Í GREINARGERÐ AÐALSKIPULAGSINS

Gerð er breyting á greinargerð þar sem eftirfarandi bætt er við töflu 11.3 *Stofnkerfi rafmagnsveitna í Ísafjarðarbæ: Flutningslínur og dreifilínur* í greinargerð gildandi aðalskipulags.

Tafla 11.3. Stofnkerfi rafmagnsveitna í Ísafjarðarbæ: Flutningslínur og dreifilínur.

Lína	Ákvæði
<b>Mjólkárliða 2 milli Mjólkár og Bíldudals</b>  66 kV jarð- og sæstrengur, 16 km að lengd innan Ísafjarðarbæjar	<p>Gert er ráð fyrir því að línan verði lögð í jörðu meðfram þjóðvegi frá Mjólkárvirkiun að Hrafnseyri og þaðan í sæstreng í átt að Bíldudal/Vesturbyggð.</p> <p>Ávallt skal leitast við að lágmarka neikvæð áhrif á umhverfið. Öllu raski skal haldið í lágmarki. Slóðagerð skal haldið í lágmarki og á viðkvæmum stöðum skal henni sleppt, sé þess kostur. Næst ströndinni skal strengurinn grafinn það djúpt að hann verði ekki sýnilegur eða hætta sé á rofi vegna hans.</p> <p>Vanda skal allan frágang og leitast skal við að afmá ummerki með grenndargróðri eða aðlögun að landi eftir því sem við á.</p> <p>Helgunarsvæði jarðstrengs er 10 m breitt, þ.e. 5 m til hvorrar hliðar.</p> <p>Helgunarsvæði sæstrengs er 10 m breitt næst tengibrúnni. Frá tengibrúnni breikkar helgunarsvæðið skáhallt í 400 m breidd (200 m til hvorrar hliðar) að netlögum þ.e. sveitarfélagsmörkum til sjávar.</p> <p>Virða skal helgunarsvæði strengsins og tryggja aðgengi vegna viðhalds. Helgunarsvæði strengsins skal að öllu leyti liggja utan lands Auðkúlu.</p> <p>Leita skal leyfis Vegagerðarinnar um strenglögn innan veghelgunarsvæðis.</p> <p>Leita skal leyfis Umhverfisstofnunar til lagningar sæstrengs og samþykkis Samgöngustofu.</p> <p>Fornleifaskráning á áætluðu áhrifasvæði strengsins þarf að liggja áður en framkvæmdaleyfi er veitt. Ef áður óunnar fornminjar finnast á strengleiðinni skal henni hnikað til ef þess er kostur eða gripið til annarra aðgerða í samráði við Minjastofnun Íslands.</p>



## 4 UMHVERFISMATSSKÝRSLA

Breytingin á aðalskipulaginu vegna Mjólkárliðu 2 fellur undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 sbr. fyrstu. mgr. 2. gr. laganna. Áætlunin er unnin samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010.

### 4.1 VIÐFANGSEFNI, NÁLGUN OG ÁHERSLUR

Áhrifavaldar eða áhrifaþættir skipulagsins eru þeir hlutar stefnunnar sem eru líklegir til að hafa áhrif á umhverfið. Umhverfisþættir eru þeir þættir sem framkvæmd eða áætlun getur haft áhrif á. Umhverfismatinu er ætlað að lágmarka neikvæð áhrif við gerð áætlunar og hámarka þau jákvæðu. Í töflu hér að neðan (**Tafla 4.1**) er vinsun umhverfisþátta, þ.e. megin matsþættir og umhverfisþættir sem eru líklegir til að verða fyrir áhrifum vegna stefnu aðalskipulagsins. Val umhverfisþátta byggir á fyrirliggjandi upplýsingum um grunnástand, upplýsingar úr vinnu við umhverfismat framkvæmdarinnar (ákvörðun um matsskyldu) og aðrar forsendur sem liggja fyrir.

**Tafla 4.1 Vinsun umhverfisþátta. Matsþættir og umhverfisþættir sem teljast líklegir til þess að verða fyrir áhrifum vegna skipulagsgerðar í tengslum við Mjólkárliðu 2.**

Matsþáttur	Umhverfisþættir <sup>7</sup>	Skýringar
Náttúrufarslegir þættir	Jarðvegur, vatn, vatnalíf, dýr, plöntur, líffræðileg fjölbreytni og loftslag	Vegna rasks á landi og áhrifa á jarðveg og gróið land vegna graftrar og möguleg áhrif á vistgerðir með hátt verndargildi. Losun gróðurhúsalofttegunda vegna losunar jarðvegs. Áhrif á vatnafar og vatnalíf, einkum þar sem ár eru þveraðar. Áhrif á strandsvæði og æðarvarp.
Menningararfur og landslag	Landslag og menningarminjar	Möguleg áhrif á fornleifar á línuleiðinni. Breytingar á ásýnd lands á framkvæmdatímanum vegna rasks.
Hagrænir þættir og innviðir	Íbúar, efnisleg verðmæti og næmni fyrir hættu á náttúruhamförum	Styrkari innviðir og aukið afhendingaröryggi raforku á sunnanverðum Vestfjörðum. Aukin umsvif á framkvæmdatíma.
Heilsa og öryggi	Heilbrigði manna og loftgæði	Hætta á slysum þar sem framkvæmdasvæðið er meðfram vegum. Rykmyndun og ónæði á framkvæmdatímanum og áhrif á upplifun lands og útivist á framkvæmdatímanum.

<sup>7</sup> Umhverfisþættir sbr. 4. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.



## 4.2 VIÐMIÐ OG VÍÐAR TIL GRUNDVALLAR UMHVERFISMATI

Umhverfisviðmiðum er ætlað að lýsa æskilegri þróun með tilliti til sjálfbærni og umhverfismála. Umhverfisviðmiðin eru birt í töflu hér að neðan (Tafla 4.2), en þar eru einnig tilgreindir vísar og tengsl við umhverfisþætti sem skilgreind eru í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Umhverfisviðmiðin eru í grunnin byggð á Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun (HMS). Sérstaklega er tekið mið af heimsmarkmiðum sem valin hafa verið sem forgangsmarkmið íslenskra stjórnvalda og hafa augljós tengsl við skipulagsgerð. Einnig er byggt á *Landsskipulagsstefnu 2015-2026* og öðrum áætlunum á landsvísu sem marka stefnu um landnotkun, auk náttúruverndarlaga og laga um menningarminjar.

Í umhverfismatinu er unnið með fjóra matsþætti sem taka til meginviðfangsefna aðalskipulagsins, sbr. töflu hér að ofan (**Tafla 4.1**). Lagt verður mat á það hvort skipulagið eða einstakir hlutar þess styðji eða gangi gegn umhverfisviðmiðunum. Við framkvæmd matsins verður beitt matsspurningum sem vísa til umhverfisviðmiðanna (**Tafla 4.2**).





Tafla 4.2 Umhverfisiðmið, umhverfisvísar og umhverfisþættir sem byggt verður á í umhverfismati aðalskipulagsbreytingarinnar.

Umhverfisiðmið	Byggt á	Umhverfisvísar	Umhverfisþættir													
			Íbúar	Heilbrigði manna	Líffræðileg fjölbreytni	Landslag	Vatnalíf	Jarðvegur	Dýr	Plöntur	Vatn	Loft	Loftslag	Efnisleg verðmæti	Menningarminjar	Næmi fyrir þættu á slýsum og
Stuðla að heilbrigðu líferni og vellíðan fyrir alla	HMS-3 <sup>8</sup> LSK 15-26 <sup>9</sup>	Aðgengi að útivist - Ásýnd lands - Umferðarslys														
Tryggja aðgengi allra að hreinu vatni og sjálfbæra nýtingu þess	HMS-6	Vatnsgæði – Votlendi - Mengun														
Tryggja aðgengi að áreiðanlegri og sjálfbærri orku	HMS-7 LSK 15-26	Raforkuflutningur – Afhendingaröryggi - Endurnýjanleg orka														
Stuðla að sjálfbærum hagvexti og góðum atvinnutækifærum fyrir alla	HMS-8 LSK 15-26	Íbúafjöldi - Staða atvinnulífs og fjölbreytni - Viðhorf ferðamanna - Landbúnaðarland														
Byggja viðnámsþolna innviði	HMS-9 LSK 15-26	Raforkuflutningur – Veitur - Afhendingaröryggi														
Grípa til aðgerða til að berjast gegn loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra	HMS-13 AL 18-30 <sup>10</sup> LSK 15-26	Binding kolefnis - Losun kolefnis – Ofsaveður – Ofanflóð – Hækkun sjávarborðs														
Umhverfi hafsins og auðlindir þess	HMS-14	Ástand sjávar – Veiðar og eldi														
Vernda, endurheimta og styðja sjálfbæra nýtingu vistkerfa á landi	HMS-15 Lög um náttúruvernd <sup>11</sup>	Verndarsvæði – Gróðurfar – Votlendi – Skógar – Fuglalíf – Vatnalíf														
Stuðla að verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru og menningar og sögu sem felst m.a. í byggingarafi og landslagi	Lög um náttúruvernd Lög um menningarminjar <sup>12</sup>	Fágæti landslags - Ásýnd lands – Náttúruminjar – Fornminjar - Röskun lands														

<sup>8</sup> Stjórnarráð Íslands. 2021. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

<sup>9</sup> Skipulagsstofnun. 2016. Landsskipulagsstefna.

<sup>10</sup> Umhverfis- og auðlindaráðuneytið. 2020. Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum.

<sup>11</sup> Lög um náttúruvernd nr. 60/2013.

<sup>12</sup> Lög um menningarminjar nr. 80/2012.



### 4.3 AÐFERÐIR VIÐ UMHVERFISMAT OG FRAMSETNING NIÐURSTAÐNA

Við umhverfismat aðalskipulagsins er stuðst við þær upplýsingar sem fyrir liggja um grunnástand umhverfis og upplýsingar sem koma fram í skipulagsferlinu. Einnig er leitað til sérfróðra manna og stofnana og annarra sem kunna að búa yfir þekkingu á staðháttum, þegar þess gerist þörf.

Umhverfismatið er sett fram í matstöflum og texta. Lögð verður fram tillaga að aðalskipulagi ásamt umhverfismatsskýrslu til lögbundinnar kynningar.

Í umhverfismatinu er stuðst við vægiseinkunnir við mat á valkostum og einstökum þáttum skipulagsins. Vægiseinkunnirnar byggja á leiðbeiningum Skipulagsstofnunar<sup>13</sup> og stuðst verður við sex vægiseinkunnir við matið sbr. töflu hér til hliðar (Tafla 4.3).

Tafla 4.3 Vægiseinkunn fyrir mat á umhverfisáhrifum aðalskipulagsbreytingar.

Vægiseinkunn	Skýringar
++	<b>Veruleg jákvæð áhrif.</b> Tillaga að stefnu eða framkvæmd styður viðkomandi umhverfisviðmið og stuðlar að verulega jákvæðri breytingu á umhverfinu.
+	<b>Jákvæð áhrif.</b> Tillaga að stefnu eða framkvæmd styður viðkomandi umhverfisviðmið.
0	<b>Engin eða óveruleg áhrif / Á ekki við.</b> Tillaga að stefnu eða framkvæmd hefur engin, lítil eða óljós tengsl við viðkomandi umhverfisviðmið.
-	<b>Neikvæð áhrif.</b> Tillaga að stefnu eða framkvæmd vinnur gegn eða gengur þvert á viðkomandi umhverfisviðmið.
--	<b>Veruleg neikvæð áhrif.</b> Tillaga að stefnu eða framkvæmd vinnur gegn eða gengur þvert á viðkomandi umhverfisviðmið og stuðlar að verulega neikvæðri breytingu á umhverfinu.
?	<b>Óvissa um áhrif / Vantar upplýsingar.</b> Óvíst er eða háð útfærslu hvort tillaga að stefnu eða framkvæmd styður eða vinnur gegn viðkomandi umhverfisviðmiði.

<sup>13</sup> Skipulagsstofnun 2007.



## 4.4 VALKOSTIR

Í umhverfismatinu eru bornir saman og metnir valkostir um legu Mjólklínu 2 með það að markmiði að matið gefi yfirsýn og veiti upplýsingar um það svigrúm sem er í skipulagsgerð með tilliti til sjálfbærniðmiða. Metinn er núllkostur, það er að ekki komi til lagningar strengsins og aðrir valkostir eru bornir saman við hann.

Valkostur um loftlínu kom ekki til álita þar sem það samræmist ekki stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku, þ.e. í lágspennitari landshlutakerfum raforku skuli meginreglan vera sú að notast verði við jarðstrengi.

Valkostur um sæstreng alla leiðina milli Mjólkár og Bíldudals var skoðaður við upphaf verkhönnunar. Sá kostur var ekki skoðaður nánar vegna þeirra áhrifa sem hann myndi valda á aðra nýtingu í firðinum, svo sem veiðar og eldi.

Eftirfarandi eru þeir valkostir sem metnir eru:

- **Strengleið Mjólklínu 2.** Um er að ræða valkosti um strengleið Mjólklínu 2 frá tengivirki við Mjólká að Hrafnseyri og í átt að Bíldudal.
  - **Núll-kostur.** Að ekki verði af lagningu strengsins.
  - **Leið A.** Að strengleiðin fylgi að mestu núverandi háspennustreng OV sem liggur m.a. meðfram ströndinni á kafla frá Gljúfurá að Hrafnseyri.
  - **Leið B.** Að strengleiðin fylgi að mestu þjóðvegi 626.
- **Landtaka Mjólklínu 2.** Um er að ræða valkosti um staðsetningu landtöku sæstrengs Mjólklínu 2.
  - **Núll-kostur.** Að ekki verði af lagningu strengsins.
  - **Landtaka í Auðkúlubót.** Að landtaka sæstrengs verði í Auðkúlubót í samræmi við tilkynningarskýrslu framkvæmdarinnar.
  - **Landtaka á Hrafnseyri.** Að landtaka sæstrengs verði á austurenda aflagðs flugvallar á Hrafnseyri.



## 4.5 UMHVERFISMAT VALKOSTA

### Umhverfisáhrif valkosta um strengleið Mjólklínu 2 milli Mjólkár og Hrafnseyrar

Í töflunum hér á eftir er sett fram umhverfismat valkosta sem skoðaðir eru í tengslum val á strengleið Mjólklínu 2 (*Tafla 4.4*).

*Tafla 4.4 Umhverfismat valkosta um strengleið Mjólklínu 2 og til samanburðar núll-kostur.*

	Umhverfisviðmið/matsspurning	Núll-kostur	Leið A Meðfram núverandi háspennustreng OV	Leið B Þjóðvegi 626
Hagræni þættir og innviðir	<b>Stuðla að sjálfbærum hagvexti og góðum atvinnutækifærum fyrir alla</b> Stuðlar stefnan að atvinnuuppbyggingu á svæðinu og í nágrennabyggðarlögum?	Stefnan stuðlar ekki að atvinnuuppbyggingu vegna ótryggrar afhendingar raforku	Til skamms tíma verða til störf, þ.e. meðan á framkvæmdum stendur. Til langs tíma litið styður bætt afhendingaröryggi við atvinnuuppbyggingu í nágrennabyggðarlögum	Til skamms tíma verða til störf, þ.e. meðan á framkvæmdum stendur. Til langs tíma litið styður bætt afhendingaröryggi við atvinnuuppbyggingu í nágrennabyggðarlögum
	Er stefnan líkleg til að hafa áhrif á ferðamenn og ferðaþjónustu?	Stefnan hefur óveruleg áhrif á ferðaþjónustu	Stefnan er líkleg til að hafa neikvæð áhrif á ferðamenn og ferðaþjónustu til skamms tíma þ.e. vegna rasks meðan á framkvæmdum stendur. Til lengri tíma litið eru áhrifin hverfandi en það þó háð frágagni, einkum á landi	Stefnan er líkleg til að hafa neikvæð áhrif á ferðamenn og ferðaþjónustu til skamms tíma þ.e. vegna rasks meðan á framkvæmdum stendur. Til lengri tíma litið eru áhrifin hverfandi en það þó háð frágagni, einkum á landi
	Hefur stefnan áhrif á núverandi landnýtingu?	Stefnan hefur ekki áhrif	Stefnan hefur takmörkuð áhrif á núverandi nýtingu, enda er svæðið að mestu í eyði	Stefnan hefur takmörkuð áhrif á núverandi nýtingu, enda er svæðið að mestu í eyði
	<b>Tryggja aðgengi að áreiðanlegri og sjálfbærri orku</b> Styður stefnan við Landsskipulagsstefnu um örugga afhendingu raforku sem nauðsynlegan þátt í að undirbyggja samkeppnishæfni einstakra byggðarlaga og landsins alls?	Stefnan styður ekki við stefnu um örugga afhendingu raforku	Stefnan er mikilvægur liður í að auka afhendingaröryggi raforku í nágrennabyggðarlögum	Stefnan er mikilvægur liður í að auka afhendingaröryggi raforku í nágrennabyggðarlögum



	<p><b>Byggja viðnámsþolna innviði</b></p> <p>Stuðlar stefnan/framkvæmdin að sterkari innviðum sem taka mið af umhverfisbreytingum?</p>	<p>Stefnan stuðlar ekki að eflingu innviða og öruggri afhendingu raforku</p>	<p>Stefnan stuðlar að eflingu innviða og bætir afhendingaröryggi raforku í nágrennabyggðarlögum.</p> <p>Strengurinn kann að vera viðkvæmur fyrir sjávarborðsbreytingum þar sem hann liggur meðfram ströndinni</p>	<p>Stefnan stuðlar að eflingu innviða og bætir afhendingaröryggi raforku í nágrennabyggðarlögum.</p>
	<p>Stuðlar stefnan/framkvæmdin að þoli gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum?</p>	<p>Stefnan stuðlar ekki að auknu þoli gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum</p>	<p>Örugg afhending raforku stuðlar auknu að þoli gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum</p>	<p>Örugg afhending raforku stuðlar auknu að þoli gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum</p>
	<p>Eykur stefnan næmni svæðisins fyrir hættu á náttúruhamförum?</p>	<p>Stefnan hefur ekki áhrif</p>	<p>Hringtenging rafmagns eykur raforkuöryggi og dregur þannig úr næmni svæðisins fyrir hættu á náttúruhamförum</p>	<p>Hringtenging rafmagns eykur raforkuöryggi og dregur þannig úr næmni svæðisins fyrir hættu á náttúruhamförum</p>
Náttúrfarslegir bættir	<p><b>Vernda, endurheimta og styðja sjálfbæra nýtingu vistkerfa á landi</b></p> <p>Hefur stefnan áhrif á svæði þar sem eru merkar náttúruminjar sem njóta verndar, svo sem á náttúruminjaskrá, 61. gr. náttúruverndarlaga eða alþjóðlegra samninga?</p>	<p>Stefnan hefur ekki áhrif</p>	<p>Strengleiðin liggur um sjávarfitjar við Gljúfurá en slík náttúruvörðun er njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Strengurinn mun því hafa verulega neikvæð áhrif á náttúruvörðun en umfang svæðisins er lítið.</p> <p>Stefnan hefur áhrif á svæði sem er á náttúruminjaskrá, einkum á framkvæmdatímanum. Svæðið hefur að ákveðnu marki verið raskað með fyrri strenglög en það rask er þó að mestu gróið. Til lengri tíma lítið eru áhrif jarðstrengs óveruleg en það er háð frágangi og hvernig til tekst að græða ný sár vegna umferðar tækja</p>	<p>Stefnan hefur áhrif á svæði sem er á náttúruminjaskrá, einkum á framkvæmdatímanum en áhrifin eru takmörkuð þar sem svæðið er þegar raskað vegna vegagerðar. Við Gljúfurá liggur strengleiðin í vegöxl. Til lengri tíma lítið eru áhrif jarðstrengs óveruleg</p>
	<p>Hefur stefnan áhrif á lykilvistkerfi, svo sem mikilvæg fuglasvæði, Ramsarsvæði eða gróið land?</p>	<p>Stefnan hefur ekki áhrif</p>	<p>Stefnan hefur takmörkuð áhrif á lykilvistkerfi, mikilvæg fuglasvæði, Ramsarsvæði.</p> <p>Strengleiðin þverar Gljúfurá og Hófsá og gróin svæði með ströndinni. Á framkvæmdatíma hefur stefnan áhrif straumvötn. Framkvæmdin mun hafa í för með sér rask á um 11 ha af gróðurlendi og</p>	<p>Stefnan hefur takmörkuð áhrif á lykilvistkerfi, mikilvæg fuglasvæði, Ramsarsvæði eða gróið land.</p> <p>Strengleiðin þverar Gljúfurá og Hófsá. Á framkvæmdatíma hefur stefnan áhrif straumvötn. Framkvæmdin mun hafa í för með sér rask á um 3 ha af gróðurlendi og að einhverju marki raskar strenglöggnin</p>





			þar á meðal eru vistgerðir með hátt verndargildi. Til lengri tíma litið eru áhrifin óveruleg	vistgerðum með hátt verndargildi en landfræðilegt umfang er lítið. Til lengri tíma litið eru áhrifin óveruleg
	<p><b>Grípa til aðgerða til að berjast gegn loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra</b></p> <p>Hefur stefnan áhrif á loftslagsmál, losun gróðurhúsalofttegunda og/eða viðbrögð við loftslagsbreytingum?</p>	Við óbreytt ástand er stuðlað að losun gróðurhúsalofttegunda með brennslu jarðefnaeldsneytis sem varaafli	<p>Til lengri tíma litið dregur framkvæmdin úr þörf fyrir notkun jarðefnaeldsneytis.</p> <p>Til skemmri tíma veldur stefnan aukinni losun gróðurhúsalofttegunda, vegna röskunar á gróðri og jarðvegi vegna framkvæmda.</p> <p>Strengurinn kann að vera viðkvæmur fyrir sjávarborðsbreytingum þar sem hann liggur meðfram ströndinni</p>	<p>Til lengri tíma litið dregur framkvæmdin úr þörf fyrir notkun jarðefnaeldsneytis.</p> <p>Til skemmri tíma veldur stefnan aukinni losun gróðurhúsalofttegunda, vegna röskunar jarðvegi vegna framkvæmda, en áhrifin eru takmörkuð þar sem landið er lítt gróið (vegöxl)</p>
Menningararfur og landslag	<p><b>Stuðla að verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru og menningar og sögu sem felst m.a. í byggingararfi og landslagi</b></p> <p>Styður stefnan markmið um að staðsetning og hönnun nýrra mannvirkja taki mið af náttúru, landslagi og staðhættum?</p>	Stefnan hefur ekki áhrif	Stefnan styður að einhverju leyti markmið um að staðsetning og hönnun mannvirkja taki mið af náttúru, landslagi og staðhættum, enda miði skipulagsákvæði að því að aðlaga framkvæmdir að landi og lágmarka rask og sjónræn áhrif	Stefnan styður markmið um að staðsetning og hönnun mannvirkja taki mið af náttúru, landslagi og staðhættum, þar sem strengleiðin fylgir núverandi veglínu og slóðagerð haldið í lágmarki. Þannig verða rask og sjónræn áhrif í lágmarki
	Hefur stefnan í för með sér röskun á fornleifum eða svæðum þar sem eru merkar menningarminjar?	Stefnan hefur ekki áhrif	Óvissa er um minjar á áhrifasvæði strengsins. Strengleiðin er að hluta til innan svæða sem hafa verið skráð vegna annarra framkvæmda. Engin fornleifaskráning hefur verið gerð svæðinu milli Gljúfurár og Hrafnseyrar en þar liggur strengurinn um sem lítið hefur verið hreyft við síðan byggð lagðist þar af, að undanskildri strenglög OV.	Óvissa er um minjar á áhrifasvæði strengsins. Strengleiðin er að hluta til innan svæða sem hafa verið skráð vegna annarra framkvæmda. Strengleiðin liggur meðfram núverandi vegi og því er ólíklegt að óraskaðar minjar séu að finna á þeirri leið.
			Mögulegt er að hnika til streng og slóðum vegna mögulegra fornminja	Mögulegt er að hnika til streng og slóðum vegna mögulegra fornminja



	Hefur stefnan áhrif á og/eða raskar fágætum landslagsheildum eða breytir ásýnd lands?	Stefnan hefur ekki áhrif	Stefnan hefur ekki för með sér röskun á fágætum landslagsheildum eða breytir ásýnd lands til lengri tíma litið. Tímabundin breyting verður á ásýnd svæðisins á framkvæmdatímanum	Stefnan hefur ekki för með sér röskun á fágætum landslagsheildum eða breytir ásýnd lands til lengri tíma litið. Tímabundin breyting verður á ásýnd svæðisins á framkvæmdatímanum og framkvæmdin verður mjög sýnileg þar sem strengleiðin er með veginum
Heilsa, útivist og öryggi	<b>Stuðla að heilbrigðu líferni og vellíðan fyrir alla frá vöggju til grafar</b> Stuðlar stefnan að möguleikum til útivistar og hreyfingar?	Stefnan hefur ekki áhrif	Stefnan hefur óveruleg áhrif á möguleika til útivistar og hreyfingar til lengri tíma litið.  Stefnan er líkleg til að hafa neikvæð áhrif á möguleika til útivistar og hreyfingar til skamms þ.e. vegna rasks og ónæðis á strandsvæðum á meðan á framkvæmdum stendur	Stefnan hefur óveruleg áhrif á möguleika til útivistar og hreyfingar til lengri tíma litið.  Stefnan kann að hafa óveruleg neikvæð áhrif á möguleika til útivistar og hreyfingar til skamms þ.e. vegna ónæðis á meðan á framkvæmdum stendur
	Stuðlar stefnan að auknum gæðum umhverfis, svo sem hvað varðar umferðaröryggi og hljóðvist?	Stefnan hefur ekki áhrif	Stefnan hefur óveruleg áhrif á umferðaröryggi og hljóðvist til lengri tíma litið.  Stefnan er líkleg til að hafa neikvæð áhrif á umferðaröryggi til skamms þ.e. á meðan á framkvæmdum stendur	Stefnan hefur óveruleg áhrif á umferðaröryggi og hljóðvist til lengri tíma litið.  Stefnan er líkleg til að hafa neikvæð áhrif á umferðaröryggi til skamms þ.e. á meðan á framkvæmdum stendur
	<b>Tryggja aðgengi allra að hreinu vatni og sjálfbæra nýtingu þess</b> Stuðlar stefnan að vörnum gegn mengun grunnvatns eða röskun á vistkerfum, svo sem með losun eða efnistöku?	Stefnan hefur ekki áhrif	Stefnan hefur óveruleg áhrif á grunnvatn og áhrif á vistkerfi eru takmörkuð og aðeins á framkvæmdatíma	Stefnan hefur óveruleg áhrif á grunnvatn og áhrif á vistkerfi eru takmörkuð og aðeins á framkvæmdatíma



### Umhverfisáhrif valkosta um staðsetningu landtöku Mjólkárliðu 2 norðan Arnarfjarðar

Í töflunum hér á eftir er sett fram umhverfismat valkosta sem skoðaðir eru um landtöku Mjólkárliðu 2 norðan Arnarfjarðar (**Tafla 4.5**).

**Tafla 4.5 Umhverfismat valkosta um staðsetningu landtöku Mjólkárliðu 2 og til samanburðar núll-kostur.**

	Umhverfisviðmið/matsspurning	Núll-kostur	Landtaka í Auðkúlubót	Landtaka á Hrafnseyri
Hagræni þættir og innviðir	<b>Stuðla að sjálfbærum hagvexti og góðum atvinnutækifærum fyrir alla</b>  Stuðlar stefnan að atvinnuuppbyggingu á svæðinu og í nágrannabyggðarlögum?	Stefnan stuðlar ekki að atvinnuuppbyggingu vegna ótryggrar afhendingar raforku	Friðlýst æðarvarp er í Auðkúlubót vestan Geldingadalsá skapar tekjumöguleika fyrir landeiganda/varpeiganda. Framkvæmdir á varptíma hafa neikvæð áhrif á nýtinguna. Til lengri tíma litið eru áhrifin óveruleg.  Helgunarsvæði sæstrengs kann að hafa áhrif á möguleika til sjávarnytja í og frá landi Auðkúlu.  Til skamms tíma verða til störf, þ.e. meðan á framkvæmdum stendur. Til langs tíma litið styður bætt afhendingaröryggi við atvinnuuppbyggingu í nágrannabyggðarlögum	Ekkert æðarvarp eða sjávarnytjar hafa verið á Hrafnseyri og hefur stefnan því ekki áhrif á atvinnu á staðnum.  Til skamms tíma verða til störf, þ.e. meðan á framkvæmdum stendur. Til langs tíma litið styður bætt afhendingaröryggi við atvinnuuppbyggingu í nágrannabyggðarlögum
	Er stefnan líkleg til að hafa áhrif á ferðamenn og ferðaþjónustu?	Stefnan hefur enginn áhrif á ferðaþjónustu	Stefnan er líkleg til að hafa neikvæð áhrif á ferðamenn og ferðaþjónustu til skamms tíma þ.e. vegna rasks meðan á framkvæmdum stendur. Til lengri tíma litið eru áhrifin hverfandi en það þó háð frágagni	Stefnan er líkleg til að hafa neikvæð áhrif á ferðamenn og ferðaþjónustu til skamms tíma þ.e. vegna rasks meðan á framkvæmdum stendur. Hrafnseyri er viðkomu staður ferðamanna en framkvæmdin er ekki áberandi frá þeim stað. Til lengri tíma litið eru áhrifin hverfandi en það þó háð frágagni
	Hefur stefnan áhrif á núverandi landnýtingu?	Stefnan hefur ekki áhrif	Á framkvæmdatíma hefur stefnan neikvæð áhrif á friðlýst æðarvarp í Auðkúlubót vestan Geldingadalsá.  Til lengri tíma litið eru áhrifin hverfandi.	Á Hrafnseyri er safn og kirkja og viðkomustaður ferðamanna. Mannvirkin standa hærra í landinu og í hvarfi frá framkvæmdasvæðinu. Ólíklegt er að stefnan hafi áhrif á þessa landnotkun



	<b>Tryggja aðgengi að áreiðanlegri og sjálfbærri orku</b> Styður stefnan við Landsskipulagsstefnu um örugga afhendingu raforku sem nauðsynlegan þátt í að undirbyggja samkeppnishæfni einstakra byggðarlaga og landsins alls?	Stefnan stuðlar ekki að eflingu innviða og öruggri afhendingu raforku	Stefnan stuðlar að eflingu innviða og bætir afhendingaröryggi raforku í nágrennabyggðarlögum	Stefnan stuðlar að eflingu innviða og bætir afhendingaröryggi raforku í nágrennabyggðarlögum
	<b>Byggja viðnámsþolna innviði</b> Stuðlar stefnan/framkvæmdin að sterkari innviðum sem taka mið af umhverfisbreytingum?	Stefnan stuðlar ekki að eflingu innviða og öruggri afhendingu raforku og áskorunum sem blasa við	Stefnan stuðlar að eflingu innviða og bætir afhendingaröryggi raforku í nágrennabyggðarlögum.  Landtaka strengsins og mannvirki henni tengd kunna að vera viðkvæm fyrir sjávarborðsbreytingum	Stefnan stuðlar að eflingu innviða og bætir afhendingaröryggi raforku í nágrennabyggðarlögum.  Landtaka strengsins og mannvirki henni tengd kunna að vera viðkvæm fyrir sjávarborðsbreytingum
	Stuðlar stefnan/framkvæmdin að þoli gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum?	Stefnan stuðlar ekki að auknu þoli gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum	Örugg afhending raforku stuðlar auknu að þoli gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum	Örugg afhending raforku stuðlar auknu að þoli gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum
	Eykur stefnan næmni svæðisins fyrir hættu á náttúruhamförum?	Stefnan hefur ekki áhrif	Hringtenging rafmagns eykur raforkuöryggi og dregur þannig úr næmni svæðisins fyrir hættu á náttúruhamförum	Hringtenging rafmagns eykur raforkuöryggi og dregur þannig úr næmni svæðisins fyrir hættu á náttúruhamförum
<b>Náttúruvarnarslegir þættir</b>	<b>Vernda, endurheimta og styðja sjálfbæra nýtingu vistkerfa á landi</b> Hefur stefnan áhrif á svæði þar sem eru merkar náttúruvinjar sem njóta verndar, svo sem á náttúruvinjaskrá, 61. gr. náttúruverndarlaga eða alþjóðlegra samninga?	Stefnan hefur ekki áhrif	Í Auðkúlubót er að finna sjávarfítjar en slík náttúruvinnubærni njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Strengurinn mun því hafa verulega neikvæð áhrif á náttúruvinnubærni. Það svæði hefur áður verið raskað með fyrri strenglögum OV  Stefnan hefur áhrif á svæði sem er á náttúruvinjaskrá, þ.e. aðrar náttúruvinjar (C-hluti). Einkum eru það áhrif á framkvæmdatímanum. Svæðið er að ákveðnu marki raskað með fyrri strenglögum en það rask er þó að mestu gróið. Til lengri tíma litið eru áhrif jarðstrengs óveruleg en það er háð frágangi og hvernig til tekst að græða ný sár vegna umferðar tækja.	Stefnan hefur áhrif á svæði sem er á náttúruvinjaskrá, þ.e. aðrar náttúruvinjar (C-hluti). Einkum eru það áhrif á framkvæmdatímanum en áhrifin eru takmörkuð þar sem svæðið er þegar raskað vegna samgöngumannvirkja.



	<p><b>Grípa til aðgerða til að berjast gegn loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra</b></p> <p>Hefur stefnan áhrif á loftslagsmál, losun gróðurhúsalofttegunda og/eða viðbrögð við loftslagsbreytingum?</p>	<p>Við óbreytt ástand er stuðlað að losun gróðurhúsalofttegunda með brennslu jarðefnaeldsneytis sem varaaflls</p>	<p>Til lengri tíma litið dregur framkvæmdin úr þörf fyrir notkun jarðefnaeldsneytis.</p> <p>Til skemmri tíma veldur stefnan aukinni losun gróðurhúsalofttegunda, vegna röskunar á gróðri og jarðvegi vegna framkvæmda.</p> <p>Landtaka strengsins og mannvirki henni tengd kunna að vera viðkvæm fyrir sjávarborðsbreytingum en við hönnun framkvæmdarinnar er leitast við að taka mið af mögulegri sjávarborðsbreytingu.</p>	<p>Til lengri tíma litið dregur framkvæmdin úr þörf fyrir notkun jarðefnaeldsneytis.</p> <p>Til skemmri tíma veldur stefnan aukinni losun gróðurhúsalofttegunda, vegna röskunar jarðvegi vegna framkvæmda, en áhrifin eru takmörkuð þar sem landið er lítt gróið (vegöxl).</p> <p>Landtaka strengsins og mannvirki henni tengd kunna að vera viðkvæm fyrir sjávarborðsbreytingum en við hönnun framkvæmdarinnar er leitast við að taka mið af mögulegri sjávarborðsbreytingu.</p>
	<p>Hefur stefnan áhrif á lykil vistkerfi, svo sem mikilvæg fuglasvæði, Ramsarsvæði eða gróið land?</p>	<p>Stefnan hefur ekki áhrif</p>	<p>Stefnan hefur takmörkuð áhrif á lykilvistkerfi og mikilvæg fuglasvæði</p> <p>Strengleiðin þverar Geldingadalsá og gróin svæði með ströndinni og æðavarp. Á framkvæmdatíma hefur stefnan áhrif straumvötn og gróið land en til lengri tíma litið eru áhrifin óveruleg</p>	<p>Stefnan hefur takmörkuð áhrif á lykilvistkerfi, mikilvæg fuglasvæði eða gróið land.</p>
<i>Landslag, ásjón og menningararfur</i>	<p><b>Stuðla að verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru og menningar og sögu sem felst m.a. í byggingararfi og landslagi</b></p> <p>Styður stefnan markmið um að staðsetning og hönnun nýrra mannvirkja taki mið af náttúru, landslagi og staðhættum?</p>	<p>Stefnan hefur ekki áhrif</p>	<p>Stefnan styður að einhverju leyti markmið um að staðsetning og hönnun mannvirkja taki mið af náttúru, landslagi og staðhættum, enda miði skipulagsákvæði að því að aðlaga framkvæmdir að landi og lágmarka rask og sjónræn áhrif.</p>	<p>Stefnan styður markmið um að staðsetning og hönnun mannvirkja taki mið af náttúru, landslagi og staðhættum, þar sem strengleiðin fylgir núverandi veglínu og slóðagerð haldið í lágmarki. Þannig verða rask og sjónræn áhrif í lágmarki.</p>
	<p>Hefur stefnan í för með sér röskun á fornleifum eða svæðum þar sem eru merkar menningarminjar?</p>	<p>Stefnan hefur ekki áhrif</p>	<p>Friðaðar minjar eru við vesturenda gömlu flugbrautarinnar á Hrafnseyri. Þessar minjar kunna að vera í hættu vegna strenglagnar að Auðkúlubót. Að öðru leyti er óvissa um minjar á áhrifasvæði strengsins.</p> <p>Með mótvægisáðgerðum er hægt að koma í veg fyrir að mögulegar minjar raskist við framkvæmdir, svo sem með því að hnika til streng og slóðum eða merkja og girða af minjastaði</p>	<p>Óvissa er um minjar á áhrifasvæði strengsins.</p> <p>Með mótvægisáðgerðum er hægt að koma í veg fyrir að mögulegar minjar raskist við framkvæmdir, svo sem með því að hnika til streng og slóðum eða merkja og girða af minjastaði</p>





	Hefur stefnan áhrif á og/eða raskar fágætum landslagsheildum eða breytir ásýnd lands?	Stefnan hefur ekki áhrif	Stefnan hefur ekki för með sér röskun á fágætum landslagsheildum eða breytir ásýnd lands til langs tíma litið	Stefnan hefur ekki för með sér röskun á fágætum landslagsheildum eða breytir ásýnd lands til langs tíma litið
Heilsa, útivist og öryggi	<b>Stuðla að heilbrigðu líferni og vellíðan fyrir alla frá vöggum til grafar</b> Stuðlar stefnan að möguleikum til útivistar og hreyfingar?	Stefnan hefur ekki áhrif	Stefnan hefur óveruleg áhrif á möguleika til útivistar og hreyfingar til lengri tíma litið. Stefnan kann að hafa óveruleg neikvæð áhrif á möguleika til útivistar og hreyfingar til skamms þ.e. vegna ónæðis á meðan á framkvæmdum stendur	Stefnan hefur óveruleg áhrif á möguleika til útivistar og hreyfingar til lengri tíma litið. Stefnan kann að hafa óveruleg neikvæð áhrif á möguleika til útivistar og hreyfingar til skamms þ.e. vegna ónæðis á meðan á framkvæmdum stendur
	Stuðlar stefnan að auknum gæðum umhverfis, svo sem hvað varðar umferðaröryggi og hljóðvist?	Stefnan hefur ekki áhrif	Stefnan hefur óveruleg áhrif á umferðaröryggi og hljóðvist til lengri tíma litið. Stefnan er líkleg til að hafa að einhverju marki neikvæð áhrif á umferðaröryggi til skamms þ.e. á meðan á framkvæmdum stendur	Stefnan hefur óveruleg áhrif á umferðaröryggi og hljóðvist til lengri tíma litið. Stefnan er líkleg til að hafa að einhverju marki neikvæð áhrif á umferðaröryggi til skamms þ.e. á meðan á framkvæmdum stendur
	<b>Tryggja aðgengi allra að hreinu vatni og sjálfbæra nýtingu þess</b> Stuðlar stefnan að vörnum gegn mengun grunnvatns eða röskun á vistkerfum, svo sem með losun eða efnistöku?	Stefnan hefur ekki áhrif	Stefnan hefur óveruleg áhrif á grunnvatn og áhrif á vistkerfi eru takmörkuð og aðeins á framkvæmdatíma	Stefnan hefur óveruleg áhrif á grunnvatn og áhrif á vistkerfi eru takmörkuð og aðeins á framkvæmdatíma



## 4.6 NIÐURSTAÐA UMHVERFISMATS, SAMLEGÐARÁHRIF OG EFTIRFYLGNI

### *Umhverfismat framkvæmdarinnar*

Vísað er til tilkynningar Landsnets til ákvörðunar um matsskyldu vegna lagningar 66 KV jarðstrengs milli Mjólkár og Bíldudals og sæstrengs yfir Arnarfjörð, dags. 8. apríl 2021. Einnig er vísað til ákvörðunar Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmdarinnar, dags. 26. júlí 2021, þar sem stofnunin telur að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Framkvæmdin er því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

### *Valkostir um strengleið Mjólklínu 2 milli Mjólkár og Hrafnsýrar*

Umhverfismat og samanburður valkosta um strengleið Mjólklínu 2 milli Mjólkár og Hrafnsýrar leiðir í ljós að núll-kostur, þ.e. að ekki verði af lagningu Mjólklínu 2, hefur heilt yfir óveruleg, neikvæð eða verulega neikvæð áhrif á þá matsþætti sem voru til skoðunar. Valkosturinn hefur heilt yfir verulega neikvæð áhrif á hagræna þætti og innviði, en óveruleg áhrif á ferðaþjónustu og landnýtingu til lengri tíma litið. Í stóra samhenginu stuðlar núllkosturinn ekki að minni losun gróðurhúsalofttegunda þar sem ekki er um að ræða styrkingu raforkukerfisins og áfram verður framleitt varaafli með jarðefniðsneyti. Að öðru leyti hefur valkosturinn óveruleg umhverfisáhrif.

Umhverfismat leiðar A, þ.e. að strengleiðin liggja meðfram núverandi háspennustreng OV, sýnir að valkosturinn er líklegur til að hafa jákvæð eða verulega jákvæð áhrif á hagræna þætti og innviði. Áhrifin á ferðamenn og ferðaþjónustu eru þó talin óveruleg. Áhrifin á náttúrufarslega þætti eru á hinn bóginn neikvæð og veldur þar mestu að strengleiðin hefur í för með sér talsvert rask á grónu landi og einnig liggur strengleiðin um viðkvæm svæði, þar sem að einhverju marki verður raskað vistgerðum með hátt verndargildi

og náttúrminjum sem njóta verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd. Valkosturinn er talinn hafa óveruleg áhrif á landslag og ásýnd lands til framtíðar en um er að ræða truflun og ásýndarbreytingar á framkvæmdatímanum sem kann m.a. að hafa áhrif á útivist við ströndina og umferðaröryggi. Óvissa er um áhrif á fornminjar á áhrifasvæði strengsins.

Umhverfismat leiðar B, þ.e. að strengleiðin liggja meðfram þjóðvegi 626, sýnir að valkosturinn er líklegur hafa til að hafa verulega jákvæð áhrif á hagræna þætti og innviði. Áhrifin á ferðamenn og ferðaþjónustu eru þó talin óveruleg. Áhrifin á náttúrufarslega þætti eru óveruleg á náttúruminjar og lykil vistkerfi, en áhrifin á loftlagsmál í stóra samhenginu eru talin vera verulega jákvæð til langs tíma litið. Valkosturinn er talinn hafa óveruleg áhrif á landslag og ásýnd lands til framtíðar en um er að ræða truflun og ásýndarbreytingar á framkvæmdatímanum sem kann m.a. að hafa áhrif á útivist við ströndina og umferðaröryggi. Óvissa er um áhrif á fornminjar á áhrifasvæði strengsins.

Heildarniðurstaða samanburðar valkosta um strengleið Mjólklínu 2 milli Mjólkár og Hrafnsýrar leiðir í ljós ríka þörf fyrir framkvæmdina til að styrkja innviði og stuðla að viðnámsþrótti gagnvart breytingum á svæðinu. Niðurstaða umhverfismatsins leiðir einnig í ljós afgerandi kosti þess að leggja strenginn meðfram þjóðvegi 626, sbr. leið B. Með þeim hætti er hægt að lágmarka umhverfisáhrif framkvæmdarinnar. Það kallar þó á ákveðnar mótvægisáðgerðir til að lágmarka hættu á slysum þar sem unnið er í nálægð við þjóðveg. Einnig þarf að taka sérstakt tillit til þeirra sem stunda útivist á svæðinu.

### *Valkostir um staðsetningu landtöku Mjólklínu 2 norðan Arnarfjarðar*

Umhverfismat og samanburður valkosta um landtöku Mjólklínu 2 við norðanverðan Arnarfjörð leiðir í ljós að núll-kostur, þ.e. að ekki verði af lagningu sæstrengs yfir Arnarfjörð, hefur heilt yfir óveruleg, neikvæð eða verulega neikvæð áhrif á þá matsþætti sem voru til skoðunar. Valkosturinn hefur heilt yfir verulega neikvæð áhrif á hagræna þætti og innviði, en



óveruleg áhrif á ferðþjónustu og landnýtingu til lengri tíma litið. Í stóra samhenginu stuðlar núllkosturinn ekki að minni losun gróðurhúsalofttegunda þar sem ekki er um að ræða styrking raforkukerfisins og áfram verður framleitt varaafli með jarðefniðsneyti. Að öðru leyti hefur valkosturinn óveruleg umhverfisáhrif.

Umhverfismat valkosta um landtöku í Auðkúlubót sýnir að valkosturinn er líklegur hafa bæði neikvæð og verulega jákvæð áhrif á hagræna þætti og innviði. Áhrifin á ferðamenn og ferðþjónustu eru þó talin óveruleg. Landtaka þar er talin hafa neikvæð áhrif á landnýtingu þar sem framkvæmdir eru líklegar til að trufla hlunnindanýtingu á svæðinu, þ.e. æðarvarp. Áhrifin á náttúrufarslega þætti eru að sama skapi neikvæð m.a. vegna truflunar á lykilvistkerfi, fuglasvæði og áhrifa á náttúruminjar sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd. Valkosturinn er talinn hafa neikvæð áhrif á fornleifar en áhrifin á heilsu, útivist og öryggi eru óveruleg.

Umhverfismat valkosta um landtöku á Hrafnseyri leiðir í ljós að valkosturinn er líklegur til að hafa óveruleg eða verulega jákvæð áhrif á hagræna þætti og innviði. Áhrifin á ferðamenn og ferðþjónustu og landnýtingu eru þó talin óveruleg, en verulega jákvæð á atvinnuuppbyggingu í nærliggjandi byggðum og stuðla að sterkari innviðum. Áhrifin á náttúrufarslega þætti eru ýmist óveruleg eða jákvæð. Valkosturinn er talinn hafa óveruleg áhrif á landslag, heilsu, útivist og öryggi. Óvissa er um áhrif á fornleifar en ekki liggur fyrir fullnægjandi skráning minja á svæðinu.

Heildarniðurstaða samanburðar valkosta um landtöku Mjólklárínu 2 við norðanverðan Arnarfjörð leiðir í ljós ríka þörf fyrir framkvæmdina til að styrkja innviði og stuðla að viðnámsþrótti gagnvart breytingum á svæðinu. Niðurstaða umhverfismatsins leiðir einnig í ljós afgerandi kosti þess að taka strenginn í land á Hrafnseyri. Með þeim hætti er hægt að lágmarka umhverfisáhrif framkvæmdarinnar, svo sem áhrif á náttúruminjar sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd og áhrif á mikilvægt fuglasvæði og æðarvarp.

### ***Samlegðaráhrif með öðrum tengdum framkvæmdum***

Samkvæmt matsskyldutilkynningu framkvæmdarinnar er efnisþörf vegna framkvæmdarinnar tvíþætt, annars vegar er um að ræða strengjasand í skurði og hins vegar efni í vegslóða og plön. Áætlað að þurfi um 9.500 m<sup>3</sup> af strengjasandi í strenglögna. Núverandi vegir verða notaðir við framkvæmdina þar sem hægt er en nýir vinnuslóðar gerðir meðfram strengleiðinni þar sem þörf krefur. Reiknað er með að um 13.400 m af strenglögnum verði innan veghelgunarsvæðis þjóðveggarins en einungis um 1.400 m utan veghelgunarsvæðis. Því er gert ráð fyrir að slóðagerð verði haldið í algjöru lágmarki. Efni til slóðagerðar mun koma úr námum sem eru í rekstri í grennd við framkvæmdasvæðið.

Auk þessa svæðis, sem fyrirhugaður strengur liggur um verða framkvæmdir vegna vinnslu strengsands og burðarlagsefnis í opnum námum á svæðinu, þ.e. beggja vegna Dýrafjarðarganga. Þess vegna er ekki gert ráð fyrir því að nýjar námur verði opnaðar vegna framkvæmda við lagningu Mjólklárínu 2.

### ***Eftirfylgni og vöktun af framfylgd skipulagsins***

Við útgáfu framkvæmdaleyfis vegna framkvæmda við Mjólklárínu 2 þarf sérstaklega að huga að mótvægisáðgerðum til að lágmarka hættu á slysum þar sem unnið er í nálægð við þjóðveg. Einnig þarf að taka sérstakt tillit til þeirra sem stunda útivist á svæðinu, svo og ásynd lands á framkvæmdatímanum og áhrif á ferðamenn. Sérstaklega þarf að huga að fornleifaskráningu áður en framkvæmdir hefjast.